

Erindi

Berist/ Umhverfis og framkvæmdarráði

Hafnarfjörður 12.01.2016

F.h Skraut og bréfdúfnafélags Ísl er erindi þessu komið á framfæri við bæjaryfirvöld í Hfn.

Þann 4. jan s.l kom upp eldur í húsakynnum skrautdúfufélags Hfn og drápust rúmlega 200 dúfur af völdum brunans. Þetta var reiðarslag og mikið tilfinningalegt tjón fyrir eigendur fuglanna og á því ræktunarstarfi sem verið hefur þarna í áratugi.

Hluti þeirra dúfnamanna sem á svæðinu eru hafa fullan hug og vilja að halda áfram þeirri ræktun og dúfnastarfi sem þarna hefur verið um langt skeið. Dúfnamenn á svæðinu hafa ávallt verið boðnir að hleypa almenningi og ferðamönnum sem um svæðið fara að skoða allar þær fallegu dúfur og keppnisfugla sem þar eru.

Það er því vilji félagsmanna að hefja hreinsunarstarf og uppbyggingarstarf í samráði við bæjaryfirvöld á húsinu og nær- umhverfinu. Það hefur verið gott samstarf við yfirmenn Áhaldahúss Hfn varðandi hreinsun og að svæðinu sé haldið snyrtilegu og sem náttúrulegustu.

Það er skýr vilji félagsmanna að rækta áfram dúfnastarfið á svæðinu með velvild og leyfi bæjaryfirvalda. Það tekur til uppbyggingar á húsinu sem brann og þeirra kofa sem eftir eru á svæðinu. Stjórn félagsins kappkostar á að hreinsa svæðið og halda umhverfinu snyrtilegu og aðgengilegu. Óskað er eftir jákvæðum viðbrögðum svo sportið og aðstaðan geti áfram blómstrað í Hafnarfirði eins og undanfarin ár.

Virðingarfyllt

F.h félagsmanna

Matthías Ólafsson

Skúli Gunnarsson

Jón Guðmundsson

Magnús Magnússon

Vilhelm Ragnar Sigurjónsson

Jón Gunnar Baldursson